

Alþingi
Erindi nr. P 127/171
komudagur 21.11.2001

Til samgöngunnefndar Alþings.

Keflavík 20/11 2001.

Efni: Athugasemdir vegna frumvarps til laga um leigubifreiðar.

1. maí 2001 sendu við athugasemdir til nefndarinnar um þetta sama mál og þar sem frumvarpið hefir ekki breytst að megin innihaldi álitum við að athugasemdir okkar er nefndin hefir undir höndum séu í fullu gildi enn.

Við viljum aðeins benda á að frumvarp þetta er í algjörri andstöðu við yfirlýsta stefnu flokks þess ráðherra er leggur það fram, en á landsfundi flokks hans er haldinn var á sama tíma og verið var að leggja þetta frumvarp fram var lagt til að endurskoðuð verði lög um leigubifreiðar og rekstur bifreiðastöðva til að draga úr miðstýringu, opinbernu afskiptum, minnka opinberar álögnir á reksturinn og einfalda lagaumhverfið.

Hvað títtnefndan gagnagrunn áhrærir er hann að 90% til nú þegar hjá bifreiðastjórastjórnunum Frami, þannig að gjaldtaka eins og rætt er um er úr takt við allt velsæmi, fyrir utan þá staðreynd að ríkissjóður hefir árlega nú þegar um 200 - 300 milljónir, mjög varlega reiknað, í virðisaukaskatts tekjur af þessum 570 leyfishöfum er aka á mínútsvæði Reykjavíkursvæðisins, fyrir utan öll önnur gjöld er tynast til í daglegu amstri, eingöngu þetta er rúmlega 500 þúsund á hvern leyfishafa.

Samgönguráðherra virðist eiga að hafa mjög frjálssar hendur um uppsetningu reglugerðar er okkur virðist að hafi verið beitt all frjállega hingað til, og ávallt vitnað í stöð í lögum til að setja reglur, þrátt fyrir mótmæli og ábendingar um að verið sé að brjóta tilnefnd lög á viðkomandi, allt kemur fyrir ekki, ekkert hlustað eingöngu framkvæmt. Hvernig getum við treyst að títtnefndur gagnagrunnur verði á mannlegum nótum, ekki tala um hlutlausu aðila, eftir það sem á undan er gengið.

Þó að ráðherra fullyrði um vinnu friðleysi og breyttar aðsæður í þjóðfélaginu höfum við ekki fengið nein rök, eingöngu fullyrðingar.


Við höfum leitað mjög stíft eftir gögnum um fullyrðingu ráðherra að sveitarfélögin hafi ekki haft áhuga á þessum málaflökki og það er stendur þar uppúr er að fullyrðingin kemur sennilegast frá umsjónarnefnd leigubifreiða í Reykjavík, ekki mjög traustvekjandi

Í staðinn fyrir takmörkum í stétt okkar höfum við tekið að okkur að sjá svo um að þjónustan við almenning sé góð og um fram allt örugg, þetta höfum við hjá bifreiðastjórastjórnunum Freyr og bifreiðastöðinni Ókuleiðir hér í Keflavík haft að leiðarljósi gegnum tíðina og gert ráðstafanir þar um, en ávallt lennt uppá kant við umsjónarnefnd og Samgönguráðuneytið, sem gekk svo langt að hóta öllum félagsmönnum okkar leyfismissi en tapaði því upphlaupi fyrir dómstóli, og enn virðist okkur Samgönguráðuneytið vera við sama heygardshornið.

Allt frá stofnun félags okkar hefir megnið af félagsgjöldunum farið í kostnað við að verjast ágangi umsjónarnefndar og Samgönguráðuneytis í formi allrahandna krafna og reglna er ekki standast við nánari aðkomu. og höfum við staðið mjög fast á að sjá um okkar mál sjálfir hingað til, og er það tilfinning okkar að ef ekki hefði þannig verið á málum haldið heyrðum við sögunni til, hvort það tekst nú hjá Samgönguráðuneytinu verður framtíðin að skera um.

Það er að endingu von okkar að Alþingi sjái til sólar í máli þessu og sé ekki að hengja okkur á klafa ónaðsynlegra gjalda og miðstýringar.

Virðingarfyllst.



Stefán Björnsson, formaður
bifreiðastjórafél. FREYR
Keflavík.



Magnús Jóhannsson, stöðvarst.
bifreiðast, ÖKULEIÐIR svf
Keflavík.